

Eyjólfur Þór Sæmundsson

Örn Arnarson skáld (Magnús Stefánsson)

Eitthvert sinn þegar ég var lítill drengur fór ég með móður minni í gönguferð niður í bæ. Við bjuggum vestast á Hellisgötunni (sá hluti hét þá Hraunbrekka) og gengum niður Kirkjuveginn og inn í Hótelkjallarann sem var á neðstu hæð „Hótelsins“ sem stóð ofanvert á horni Austurgötu og Reykjavíkurvegar. Þar fékkst m.a. bakkelsi sem mér er sagt að komið hafi úr Ásmundarbakaríi. Sennilega fékk ég eitthvað góðgæti, en það sem festist mér í minni er það sem hún sagði þegar við gengum út og inn Austurgötuna framhá tröppunum sem lágu upp á aðra hæð hússins. „Hérna bjó Örn Arnarson skáld, en hann hét í raun og veru Magnús Stefánsson“. „Hvernig gat hann heitið tveimur nöfnum“, eitthvað í þessum dúr spurði ég mömmu, skildi ekkert í þessu, en hún gerði sitt besta til að skýra út fyrir mér að maður gæti heitið eitt en haft svo annað skáldanafn.

Nú er löngu búið að rífa Hóтелиð og á grasi gróinni lóðinni stendur akkeri og plata með áletrun til minningar um Magnús.

Þegar ég allöngu síðar, á mínum menntaskólaárum, las ljóðin hans Magnúsar varð ég fyrir miklum áhrifum. Ég er ekki lærður í bókmenntum en ef það er ekki stórskáld sem fær gæsaþúðina til að hríslast um líkamann og tárin til að koma fram í augun, þá veit ég ekki hvað skáldskapur er.

Ljóðskáldið

Magnús var fæddur að Kverkártungu á Langanesströnd 12. des 1884 og lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 25. júní 1942. Hann mun hafa flutt til Hafnarfjarðar haustið 1918 og bjó hér alla tíð síðan, stundaði m.a. verslunarstörf, en var bókavörður síðustu árin. Meðan heilsan leyfði var Magnús með víðförlustu mönnum, gekk landið þvert og endilangt, stundaði náttúrskoðun og safnaði jurtum og steinum. Hann þótti einstaklega víðlesinn og vel sjálfmenntaður. Ævisaga hans hefur ekki verið rituð en finna má ýmislegt efni um hann m.a. á veraldarvefnum, bendi ég þar sérstaklega á æviágrip á lestu.is. Ég hef einnig undir höndum myndband með viðtali sem Halldór Árni Sveinsson kennari í fjölmiðlafræðum tók við Stefán heitinn Júlíusson rithöfund þar sem Stefán segir frá kynnum sínum af Magnúsi. Merkileg heimild og eitt af mörgu sem Halldór Árni lumar á og þarf að varðveita og gera aðgengilegt almenningi.

Magnús þótti ekki meðal afkastamestu skálda, sendi frá sér eina ljóðabók, „Illgresi“ sem út kom 1924, en hafði áður birt kvæði í Eimreiðinni og síðar birtust eftir hann stök kvæði. Menningar- og fræðslusamband alþýðu gaf síðan út kvæði hans í vandaðri heildarútgáfu 1942. Í minningarorðum í Alþýðublaðinu eftir lát Magnúsar segir: „Árið 1924 kom svo ljóðabók hans, „Illgresi“ og vakti fádæma athygli. Kvað þar alveg við nýjan tón í íslenskri ljóðagerð að efni til, og form höfundarins var lýtalaust með öllu að allra dómi“. Magnús orti vígsluljóð nýbyggingar Flensborgarskólans 1937, en hann hafði sem ungur maður verið einn vetur við nám í Flensborg.

Í dag held ég að Magnús sé lítt þekktur meðal yngri kynslóða, þess hef ég orðið áskynja í samtölum, en kvæðið hans um litla fuglinn heyrst alloft sungið í útvarpi við lag Sigfúsar Halldórssonar, oftast í flutningi annars hvors þeirra systkina Ellýjar eða Vilhjálms Vilhjálmssonar. Tvö fyrstu erindin eru þannig:

Lítill fugl á laufgum teigi
losar blund á mosasæng.
Heilsar glaður heiðum degi,
hristir silfurdögg af væng.

Flýgur upp í himinheiðið,
hefir geisla straum í fang
Siglir morgunsvala leiðið,
sest á háan klettadrang.

Hvernig er hægt að varpa þvílíkri birtu á jafn hversdagslegan atburð og þann að lítill þröstur fer á stjá í morgunsárið, hver tekur yfirleitt eftir slíku? Og hvar er þessi klettadrangur? Þegar ég geng um Hellisgerði fæ ég einhvern veginn á tilfinninguna að á þær slóðir hafi Magnús leitað og fengið innblástur að þessu snilldarverki. En þetta eru hreinar getgátur sem ekkert er á bak við, etv. veit einhver betur og gefur sig fram.

Magnús orti kvæðið Íslands Hrafnistumenn til heiðurs íslenskum sjómönnum og vann ljóðið samkeppni sem efnt var til í tilefni sjómannadagsins 1938. Hrafnista er í Noregi og kemur við sögu í Fornaldarsögum Norðurlanda. Þar bjuggu miklir sægarpar á víkingaöld og þaðan var ættaður Ketill hængur landnámsmaður. Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna fékk sitt nafn af þessu kvæði. Magnús gaf Sjómannadagsráði útgáfuréttinn að „Illgresi“ og var bókin endurútgefin á þess vegum og eigur hans runnu í sjóð til stuðnings sjómönnum að honum látnum.

Stjáni blái (Kristján Sveinsson)

En þá komum við að Stjána bláa. Hann hét fullu nafni Kristján Sveinsson og var fátækur alþýðumaður sem bjó í Keflavík með konu og börnum. Það orð fór af honum að hann væri fremur hrjúfur í samskiptum og mun hann ekki hafa verið vinsæll meðal sinna sveitunga. En mjög var hann áræðinn og hugdjarfur. Eitthvað hefur verslun verið döpur þarna suður frá eða Kristjáni hugsanlega verið í nöp við kaupmenn þar, því hann ákveður að fara siglandi á skekturni sinni í verslunarferð til Hafnarfjarðar. Þetta var 17. nóvember 1921 og reyndist það hinsti örlagadagur í lífi Kristjáns, „Stjána bláa“.

Stjáni verslaði í verslun Sigfúsar Bergmann sem var á sömu slóðum og Hafnarfjarðarbíó var, en þar er nú eyða í húsaröðinni við Strandgötu. Þá var fjöruborðið í baklóðum húsa við neðanverða götuna og bryggjur út í sjó við verslunarhúsin. Þar lagði Stjáni að. Í þá daga var verslun mikilvæg félagsleg athöfn, menn spjölluðu, spurðu tíðinda og fengu sér stundum í staupinu. Magnús hefur sennilega hitt Stjána þarna og auðvelt er að ímynda sér að athugull og næmur maður eins og hann hafi hrifist af hugrekki Stjána og æðruleysi og síðan við fregnina af örlögum hans orðið svo djúpt snortin að til varð ein af perlum íslenskrar ljóðagerðar, kvæðið „Stjáni blái“ sem birtist 1935.

Stjáni lagði sem sagt upp frá verslunarbryggjunni áleiðis til síns heima þrátt fyrir viðvaranir um versnandi veður og bliku á lofti, en skilaði sér ekki á áfangastað. Brak fannst sem talið var úr báti hans en lík Stjána fannst aldrei. Ég hvet alla til að lesa kvæðið í heild sinni en hér að neðan eru tvö erindi, annars vegar um upphaf heimferðarinnar og hins vegar um örlög Stjána.

Stjáni blái bjóst til ferðar.
Bundin skeið í lending flaut.
Sjómenn spáðu öllu illu.
Yzt á Valhúsgrunni braut.
Kólgubólginn klakabakki
kryppu upp við hafsbrún skaut.

.....

Vindur hækkar. Hrönnin stækkar.
Hrímgrátt særok felur grund.
Brotsjór rís til beggja handa.
Brimi lokast vík og sund.
Stjáni blái strengdi klóna,
stýrði beint á drottins fund.

Kvæðið varð fleigt um land allt og við það gerði Sigfús Halldórsson lag og er það til í upptaökum, bæði með Karalakórnum Fóstbræðrum og Karalakór Reykjavíkur.

Hljómaði lagið oft í útvarpinu á sinni tíð og fór ekki framhjá neinum því þá var bara „gamla góða Gufan“. Nú heyrir það sjaldan.

Eftir birtingu kvæðissins reis stjarna Stjána smám saman hærra en áður suður með sjó og kannske má segja að hann hafi orðið að þjóðsagnahetju, táknmynd hins hugdjarfa, fátæka alþýðumanns sem bauð örlögnum birginn.

Frá Stjána er kominn þó nokkur ættbogi og meðal barnabarna hans er Karl Steinar Guðnason, fyrrv. alþingismaður og forstjóri Tryggingastofnunar.

Höldum Hafnafirskri menningararfleifð á lofti

Erlingur Jónsson er listamaður, fæddur og uppalinn í vesturbænum í Hafnafirði, en flutti um miðjan aldur til Keflavíkur og síðar til Noregs þar sem hann er nú virtur skúlptúristi. Hann er mikill aðdáandi Magnúsar Stefánssonar og kvæðisins um Stjána bláa. Reist hefur verið í Keflavík listaverk eftir Erling um Stjána og örlagsiglingu hans „á Drottins fund“ (sjá mynd). Erlingur hefur gert annað hliðstætt verk og lagt til að því verði komið fyrir í Hafnafirði á stöpli þar sem á yrðu tveir skildir, sitt hvoru megin, annar um Magnús Stefánsson en hinn um Stjána og brottför hans frá Hafnafirði daginn örlagaríka. Kjörinn staður fyrir slíkt verk er sjávarmegin við Fjarðargötuna miðja, í bugnum sem þar er, en sá staður er nánast beint út frá þeim stað þar sem bryggjan stóð sem Stjáni lagði upp frá, en síðari tíma landfyllingar hafa fært ströndina þarna út um tugi metra. Þessi tvö verk myndu þá kallast á yfir hálfan Faxaflóann.

Við Hafnafirðingar þurfum að halda okkar sérstöku og fjölbreyttu menningararfleifð á lofti. Þetta framtak yrði liður í því og vil ég gjarna leggja því lið.